


# Að skrá veikindi í mentor


Á hverjum morgni tilkynna foreldrar um **veikindi barna sinna** sem mæta ekki í skólann þann daginn. Það hefur verið gert með því að hringja eða senda tölvupóst. Nú hefur verið **opnað fyrir skráningu foreldra** á veikindum barna sinna í gegnum mentor.is hvort heldur sem er í tölvu eða farsíma. Við hvetjum fólk til að nýta sér þessa leið. Athugið að foreldrar þurfa að vera **innskráðir á eigin kennitölu**.




Sjá hér skýringarmyndir:




Hér er **viðmótið** sem blasir við foreldrum þegar búið er að skrá sig inn á mentor.is



Smellt er á **ástundun**



Smelltu á **skrá veikindi** uppi í vinstra horninu.



Veikindi eru skráð fyrir **daginn í dag** og sömuleiðis býðst að skrá morgundaginn.